Málnefnd um íslenskt táknmál

Heimili og skóli - Landssamtök foreldra

8.7.2025

Ábending vegna táknmálsfólks og barna með tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku

Málnefnd um íslenskt táknmál vill vekja athygli *Heimilis og skóla* annars vegar á foreldrum sem hafa íslenskt táknmál (ÍTM) að móðurmáli og hins vegar á hópi barna sem hafa tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku sem móðurmál og foreldrum þeirra sem í flestum tilvikum hafa annað móðurmál en börnin.

Mennta- og barnamálaráðuneyti veitti á dögunum *Heimili og skóla* framlag til að veita annars vegar ráðgjöf og stuðning við foreldra með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og samtök þeirra: Móðurmál, samtök um tvítyngi. Hins vegar til að taka virkan þátt með ráðgjöf og fræðslu í aðgerðum stjórnvalda gegn ofbeldi meðal barna. Í frétt ráðuneytisins um málið segir að samtökin gegni mikilvægu hlutverki í innleiðingu menntastefnu 2030 og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, með virkri þátttöku foreldra.

Þar sem í Menntastefnu 2030 er ekki fjallað sérstaklega um börn sem hafa tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku að móðurmáli og engin aðgerð í núgildandi aðgerðaáætlun snýr að þessum hópi er ólíklegt að samtökin átti sig á mikilvægi þess að tryggja aðgengi þessa hóps barna og foreldra þeirra að þeim gögnum sem útbúin verða fyrir viðbótarframlag frá stjórnvöldum.

Í Lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 kemur fram að íslenskt táknmál sé jafnrétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og að óheimilt sé að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota. Þá er kveðið á um rétt til máltöku þeirra sem þurfa á ÍTM að halda og jafnframt rétt nánustu aðstandenda til þess að læra ÍTM. Í Aðalnámskrá 2013 er námsgreinin tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku skipulögð sem heildstæð námsgrein á sama hátt og íslenskan sem móðurmál. Þann 20. mars 2024 samþykkti Alþingi Þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027 og aðgerðaáætlun.

Þrátt fyrir skýr ákvæði í lögum, námskrám og málstefnum ferst oft fyrir að fylgja því regluverki sem smíðað hefur verið um íslenskt táknmál. Táknmálsfólk og börn sem

samkvæmt námskrá er stefnt á að verði tvítyngd á íslensku táknmáli og íslensku gleymast iðulega og eru einangruð frá ýmsum samskiptum í samfélaginu. Ráðgjöf Heimilis og skóla ætti því einkar vel erindi til hópsins.

Málnefnd um íslenskt táknmál vill að lokum benda samtökunum á að hægt er að fá ráðgjöf um málefni íslensks táknmáls hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (shh@shh.is) og Málnefnd um íslenskt táknmál (malnefnd@mitm.is)

Virðingarfyllst,

Valgerður Stefánsdóttir
formaður